

67. fundur í safna- og menningamálanefnd, mánudaginn 9. júní 2008, kl. 17:30.

Mættir: Eyþór Benediktsson formaður, Dagbjört Höskuldsdóttir, Kristín Víðisdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Ragnheiður Óladóttir.

Formaður setur fund.

#### 1. Ljósmyndasafn

Rætt er um fundargerð framkvæmdanefndar um ljósmyndasafn Jóhanns Rafnssonar ásamt greinargerðum Guðmundar Páls Ólafssonar formanns og Rakelar Olsen frá 13. maí 2008. Eyþór segir frá fundi bræðranna Árna Páls og Rafns Jóhannssona með Grétari D. Pálssyni forseta bæjarstjórnar, Erlu Friðriksdóttur bæjarstjóra og Eyþóri Benediktssyni f.h. Safna- og menningamálanefndar, laugardaginn 7. júní 2008. Niðurstaða fundarins var sú að Árni Páll og Rafn óska eftir skriflegum hugmyndum bæjaryfirvalda um framtíð safnsins og þeir munu síðan taka afstöðu að þeim fengnum. Árni Páll ræddi um geymslumál og þær lausnir sem til eru varðandi varðveislu safns sem þessa.

Nefndin leggur til eftirfarandi hugmyndir um starfsemi Ljósmyndasafnsins:

1. Að fjárhagslegur grundvöllur safnsins verði tryggður og strax ráðinn starfsmaður í hlutastarf.
2. Að lokið verði við frágang mynda úr söfnum Jóhanns Rafnssonar og Árna Helgasonar.
3. Að kannað verði hvernig best er að standa að geymslu á safnkostinum (frumgögnum) og bætt úr því sem kann að vera ábótavant í þeim efnum.
4. Að safninu verði gert kleift fjárhagslega að taka við fleiri myndasöfnum, koma þeim á stafrænt form og skrá.
5. Að vefur safnsins verði uppfærður og leitarskilyrði aukin / endurbætt.
6. Að efla tengsl safnsins við áhugafólk með skipulögðu starfi.
7. Að safna stafrænum myndum.
8. Að safnið annist reglulegt sýningarhald, t.d.
  - a. á safnkosti,
  - b. eldri og yngri ljósmyndum sem tengjast Stykkishólmi en eru í eigu annarra,
  - c. þematengdum sýningum,
  - d. almennum ljósmyndasýningum atvinnu- og áhugamanna.
9. Í nánustu framtíð verði litið til þess að stofna og reka skjalasafn og hugsanlega að tengja ljósmyndasafnið þeirri starfsemi.

#### 2. Önnur mál

Eyþór kynnir aðsenda skýrslu frá Menningarráði Vesturlands, Menningarstyrkir og menningarstarfsemi á Vesturlandi 2005-2008.

Vatnasafn:

Ragnheiður segir frá því að ráðnir hafi verið starfsmenn á Vatnasafnið í sumar, Davíð Karl Sigurðsson á virkum dögum og Sara Gilles um helgar. Safnið er opið alla daga vikunnar frá kl. 13:00 – 18:00.

Maður frá framleiðanda gólfefnis komi þeim tilgangi að skoða gólfefnið og gera tilraun með efni til að mynda húð á það til að auðvelda umgengni og þrif. Niðurstöður þeirrar athugunar eru ekki komnar. Safnið hefur nú fengið tauinniskó til nota.

Stefnt verður að næsta fundi nefndarinnar í fyrstu viku septembermánaðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:20.

Undirritað:

Eyþór Benediktsson,  
Dagbjört Höskuldsdóttir,  
Kristín Víðisdóttir,  
Ragnheiður Óladóttir,  
Erna Guðmundsdóttir.